

Fundargerð háskólaráðs
363. fundur 2. september 2015
í fundaherbergi 262, Borgum, kl. 13.34 - 15.20.

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13.34.

Mættir voru auk hans:

Elvar Jónsson, varafulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra, í síma
Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrúi háskólasamfélagsins
Guðmundur Kr. Óskarsson, varafulltrúi háskólasamfélagsins
Berglind Guðmundsdóttir, fulltrúi FSHA
Finnbogi Jónsson, fulltrúi háskólaráðs, í síma
Svanfríður Jónasdóttir, fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir, ritari rektors

Gestir:

Júlí Ósk Antonsdóttir, aðjúnkt, hug- og félagsvísindasviði
Stefán B. Sigurðsson, prófessor, heilbrigðisvísindasviði
Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs
Birna María Svanbjörnsdóttir, forstöðumaður miðstöðvar skólaþróunar

1. Áætlun um jafna stöðu kynjanna við HA 2014-2018, til samþykktar 1505018

Háskólaráð óskar eftir ítarlegri kostnaðargreiningu og raunhæfri framkvæmdaáætlun, sem unnin verði af fjármálasviði skólans í samráði við jafnréttisráð HA.

3. Umfjöllun um samskipti Menntamálastofnunar og HA vegna Byrjendalæsis

Rektor kynnti málið.
Sigrún og Birna María komu á fundinn.

Gerðu þær grein fyrir samskiptum við Menntastofnun vegna málsins, sem og málþingi um læsi sem haldið verður í HA þann 10. október.
Birna María og Sigrún svöruðu fyrirspurnum háskólaráðsfulltrúa. Fóru þær síðan af fundinum.

Háskólaráð fjallaði um málið. Það verður tekið fyrir aftur á næsta fundi.

2. Önnur mál

Júlí Ósk og Stefán sátu fundinn undir þessum lið. Júlí Ósk kynnti minnisblað sitt „*Hvað getur Háskólinn á Akureyri gert fyrir flóttamenn?*“. Stefán sagði frá hugmynd um flóttamannaaðstoð sem upp kom í samræðu við samstarfsaðila í Western Kentucky University. Hugmyndin er að háskólinn bjóði fram aðstoð sína við flóttamenn eins og henta þykir og fært er.

Fjallað verður nánar um málið á næsta háskólaráðsfundi.

Forsetum fræðasviða verður falið að halda utan um umræðuna á sínum sviðum fram að því og rektor kynnir sér áform bæjarstjórnar Akureyrar um flóttamannaaðstoð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.20.